

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

657. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. ágúst 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Aðalfundarboð Menningarráðs Norðurlands vestra.
2. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
3. Fundargerðir stjórnar SSNV frá 10. og 12. ágúst sl.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt aðalfundarboð Menningarráðs Norðurlands vestra en fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi þann 27. ágúst nk. kl. 09:15. Byggðarráð hvetur fulltrúa Húnaþings vestra á ársþingi SSNV til að sækja fundinn.
2. Fram lagt til kynningar bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem tilkynnt er að í kjölfar tillögu starfshóps um endurskoðun laga- og reglugerðarákvæða Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi ráðherra ákveðið innleiðingu á nýju fyrirkomulagi útgjaldajöfnunar þar sem tekjujöfnunarframlag sjóðsins lagt niður. Stefnt er að því að þær breytingar taki gildi 1. janúar nk. Þá er tilkynnt um skipan vinnuhóps til að útfæra nánar aðrar tillögur starfshópsins. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér skýrslu starfshópsins á vef ráðuneytisins.
3. Fram lagðar til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 10. og 12. ágúst sl. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðanna.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Elín R. Líndal spurði um hvað liði sölu eða förgun mb. Sif sem liggur í Hvammstangahöfn. Sveitarstjóri upplýsti að aðili sem gerði kauptilboð í bátinn hafi dregið það til baka og að sveitarstjóri hafi f.h. sveitarfélagsins óskað eftir tilboði frá Hringrás hf. í förgun bátsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:35

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.